

Living Collection

# Reasons to Perform: Always, Always, Always: Look for the Answer

Lifandi Safneign



photo by the artist of the documentation object (artist: Magnus Pálsson) from the performance archive of the Living Art Museum

10.09.16  
11.12.16

Maja Bekan &  
Gunnþís Ýr  
Finnbogadóttir

## ÍSL

Kæri lesandi (gjörningurinn er hafinn)  
Vinsamlegast farðu mjög varlega með innihald kassans, vinsamlegast haltu ávallt uppröðun á innihaldinu í sama horfi.

...  
Ef þú finnur VHS spólu þá biðjum við þig um að reyna alls ekki að spila hana í neinu tæki. Í staðin gætir þú skoðað hana; leitað að handskrifjuðum texta, er hún í hulstri, límliðar, með því að kíkja í gegnum „gluggana“ getur þú reynt að áætla hversu margar mínútur hafa verið spilaðar.

...  
Ef þú finnur eitthvað ætt vinsamlegast borðaðu það; finnur þú enn bragðið í munnum?

Fyrir sýninguna í safneignarrými Nýlistasafnsins, *Lifandi Safneign*, hafa listamennirnir *Gunnðís Ýr Finnbogadóttir* og *Maja Bekan* samtvinnuð eða unnið útfrá heimildum um gjörninga í gjörningaarkífi Nýlistasafnsins. Verkin eru staðbundin (i.e. site specific) textaverk, skúlptúrar og gjörningar.

Með sýningunni gefst myndlistarmönnum tækifæri til þess að bæta heimildum um eigin gjörningaverk inn í *gjörningaarkíf safnsins*. Til þess að fá nánari upplýsingar um fyrirkomulagið er hægt að senda póst á safneignarfulltrúa Nýló, *Becky Forsythe*, á [archive@nylo.is](mailto:archive@nylo.is)

Nýlistasafnið er eina safnið á Íslandi sem annast heimildaöflun, skráningu og miðlun heimilda um gjörninga á Íslandi. Í arkífi safnsins er að finna heimildir um tugi gjörningaverka frá árinu 1978. Söfnun heimilda á sér stað í samræðu og samstarfi við þá listamenn sem hafa unnið með gjörningaformið í listsköpun sinni.

Mínútur af mælingum, truflun, takti, hreyfingu verða kynntar inn í gjörningaarkíf Nýló og fluttar af starfsfólki og gestum á opnunatíma sýningarinnar.

Í gegnum verkin spyrja myndlistarmennirnir sig um eðli arkífsins (sem og fleiri arkífa), skoða möguleika heimilda um listaverk sem efniviðs sem áframhaldandi rannsókn og viðbragð listamannanna við hugmyndum um tíma, viðveru listamanna í verkum og á sýningum, um endurvinnslu hugmynda, höfundarétt og framleiðni í myndlist.

Samstarf Maju og Gunnðísar hefur þróast í nokkur ár og hófst með verkefninu *Hotel New York* í Rotterdam árið 2006. Samvinna þeirra byggist aðallega á því að eyða tíma saman, venjulega án þess að deila sama rými. Með því að vinna náið saman á þennan hátt skoða listamennirnir og spyrja spurninga um hvernig samvinna getur þróast, og/sem er oft þvinguð í tíma og rými.

Verk þeirra eiga það til að vera mjög persónuleg og skapa einhvers konar hugarflug sem oft fer fram í gegnum tölvupóst, löng Skype samtöl, verkefni fyrir hvor aðra að leysa, (ímyndaðar) sameiginlegar kaffipásur ofl. Oft eru verk þeirra svar /viðbragð við (sýningar)boði og skoða hugmyndir um (skort á) tíma og eignarhaldi ((mis)notkun á fri- og persónulegum) tíma.

Fyrri verkefni Gunnðísar og Maju eru meðal annarra verkið *What if... sem gert var fyrir-sýninguna Winterstudio/Hansplassen í Kunstmuseet Kube í Noregi, framlagið What if we started making less and reusing more? til útgáfunnar Archive on The Run, sem gefin var út af Nýlistasafninu, viðburðurinn Choose Happiness, Humor, Enthusiasm, Gratitude, Kindness, and a Positive Outlook í Van Abbemuseum og gjörningurinn Finding Your Own North Star: How to Claim the Life You Were Meant to Live í Hommes galleríinu, Rotterdam.*

Á síðasta ári hafa þær saman:

Lesið 943 blaðsíður hvor, sömu blaðsíðurnar báðar. / Talað um 18 sýningar og listamennina sem gerðu þær. / Blaðað í gegnum 21 bók og nokkur glanstímarit. / Sent 77 ljósmyndir til hvor annarar. / Horft á 10 myndbönd. / Borðað 13 súkkulaðistrykki, hvor. / Farið í eina ferð saman og tvær bátsferðir. / Hafa drukkið tvo sterka drykki, hvor (til að skála) og eytt mörgum klukkustundum á netinu.

## ENG

Dear reader (performance has started)  
Please handle the content of this box with the utmost care, please keep the order of the content the same at all times.

...  
If you encounter a VHS tape we ask you not to try to play it on any device. Instead you could examine it; look for handwriting, does it have a cover? stickers? from the see-through windows (check the top of the cover of the tape) try to determine how many minutes of the tape have been played.

...  
If you encounter newspaper clippings please read them; from when is it, is it a photocopy or an original, what is on the news?

...  
If you encounter something edible please eat it; do you still taste it in your mouth?

The exhibition will serve as an opportunity for artists to contribute with their performance documentation to the ongoing archive of the Living Art Museum. For more information and appointments please contact the museum collection manager, *Becky Forsythe* via email [archive@nylo.is](mailto:archive@nylo.is)

For the exhibition in *The Living Collection*, artists *Gunnðís Ýr Finnbogadóttir* and *Maja Bekan* create a mix-media installation comprised of: site-specific space intervention, performance and text work with the aim of exploring and questioning the archive of the living art (museum) and documentation as a form of possibility. This new work that *Finnbogadóttir* and *Bekan* are developing is based upon ongoing research and investigations into notions of time, appropriation, authorship and productivity.

*The Performance Archive* was initiated in early 2008, when Nýló began archiving performance documentation and material relating to artist performances. Previously,

the museum collection had included documentation of 20 performance works dating from 1978-1981.

Gradually, various forms of documentation pertaining to performances have been added to the archive. The collection takes place through a dialogue with the artist in question, with the aim of examining his/her work and career.

The aim of the archive is to preserve documentation of performance and performance-related works, and to establish Nýló is the central museum for performance in Iceland, as it has throughout its history been one of the main local venues for such work.

Minutes of measurements, disturbance, rhythm, movement will be introduced into Nýló's archive collection and performed by the museum staff and visitors during the opening hours of the exhibition.

Their collaboration has developed over several years, starting with the project *Hotel New York* in Rotterdam in 2006. The collaboration is mostly based on sharing time together, usually without sharing the same physical space. By working closely with each other on and off times, the two artists investigate and question the many ways collaboration can develop, often constrained in time and space.

Although their work tends to be very personal, thus creating associative streams of thoughts and ideas often shared with each other via emails, long Skype conversations, assignments for each other, (imagined) shared coffee breaks etc. and is often reactivated by a specific invitation, it deals with the universal "problem" of (lack of shared) time and its "capitalization" ((mis)use of social and personal time).

The collaboration has produced, among others, the mix media installation *What if?* at the Kunst Museum Kube in Aalesund, a contribution to the publication *Archive on the Run*, by the Living Art Museum in Reykjavik, the event *Choose Happiness, Humor, Enthusiasm, Gratitude, Kindness, and a Positive Outlook* at the Van Abbemuseum, and the reading performance *Finding Your Own North Star: How to Claim the Life You Were Meant to Live* at the Hommes gallery, Rotterdam.

**In the past year they have together:**  
Read 943 pages each, the same pages between them. / Talked about 18 exhibitions and the artists that made them. / Browsed through about 21 books and a few glossy magazines. / Sent seventy-seven photographs to each other. / Watched ten videos. / Ingested 13 bars of chocolate, by each of them. / Gone on one road trip together and two boat trips. / Had two long drinks, each (to make a toast) and many hours online.

Sýningin er styrkt af Myndlistarsjóði og Stroom Den Haag. / The exhibition is made with support from Stroom Den Haag and

Reasons to Perform:  
Always, Always,  
Always: Look for  
the Answer

10.09.16  
11.12.16

Maja Bekan &  
Gunnðís Ýr  
Finnbogadóttir